

Staðsetning borholu á Eysteinseyri í
Tálknafirði

Kristján Sæmundsson

Greinargerð KS-88-20


STAÐSETNING BORHOLU Á EYSTEINSEYRI Í TÁLKNAFIRÐI

Dagana 20. og 21. okt. 1988 voru gerðar athuganir á aðstæðum til borunar eftir heitu vatni í fjörunni sunnan við bæinn á Eysteins-eyri. Þar spretta fram lindir á tveimur stöðum. Annar staðurinn er rétt innan við ána. Þar kemur upp um 1 l/s af 7,6°C heitu vatni við bakkann efst í fjörunni. Klöppin er þar ber og sprungin í NA-SV-stefnu. Hinn staðurinn er rúmlega 300 m innar. Þar eru nokkrar uppsprettur á 20 m kafla uppi í bakkabrúninni 8-10 m ofan við fjöruna. Rennslí úr þeim er alls um 3 l/s og hiti á bilinu 8-10°. Lengdarstefnan í lindasvæðinu er NV-SA eins og svo víða á volgru- og laugasvæðunum í Tálknafirði. Klöppin er þarna hulin svo að ekki sést hvort lindirnar koma beint upp úr sprungu. Leitað var að berggöngum með segulmælingu inn fjöruna. Einu skýru merkin um ganga fundust 30-70 m utan við aðallindasvæðið. Þeir virðast ekki skipta máli fyrir uppkomu lindanna. Innra lindasvæðið er álitlegra til borunar vegna þess að þar kemur upp meira og heldur heitara vatn en á því ytra. Einnig er þar ákveðnari vísbending um NV-SA-sprungu. Reynslan í Tálknafirði hefur verið sú að halli á slíkum sprungum er brattur niður til suðurs. Innra lindasvæðið er einungis í nokkur hundruð metra fjarlægð frá fiskeldistjörn á Keldeyri og því full ástæða til að fá úr því skorið með borun hvort þar sé nokkur vatns von.

Með hliðsjón af ofangreindu var staðsett borhola í fjörunni niður undan innra lindasvæðinu. Ákvörðun um bordýpi ræðst nokkuð af þeim upplýsingum sem fást við borunina, einkum hita og vatnsæðum. Dýpi á fast berg er vart meira en 1-2 m. Fóðrað yrdi einungis nokkra metra niður í klöppina, helst með sveru röri (10").

Hola var einnig staðsett í fjörunni niður undan ytri lindinni við Eysteinsyrarána. Þar er að mati undirritaðs meiri óvissa um árangur. Þar gildir þó það sama og um innri lindirnar, einungis borun getur skorið úr um hvort þar sé vatn að fá.

Kristján Sæmundsson



Eysteinsæyri

smolt svæði

Keldusæyri

7.6°

8.9°

10.1°



Eysteinsveipi lína 1 mælt frá duni (70% jafnt rennili) inn eftir
Segulmæling

$54 \times 10^3 \gamma$

53

52

div
línd
 $76^\circ / 14s$

$0,02 \mu/s$
överslag
línd 60°

afallindasveipi
 $8,9^\circ, 2-3 \mu/s$

$(1,8^\circ)$
línd
 $101^\circ / 1 \mu/s$
ilak

g

g

100

200

300

400 m

11